

Met slegið í fjölda útkalla hjá gæslunni

Annir vegna leitar- og björgunarverkefna loftfara Landhelgisgæslunnar komu á nýliðnu ári niður á fjölda æfinga. Slæm fjárhagsstaða stofnunarinnar varð til þess að verkefni fyrir Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu, Frontex, urðu fyrirferðarmikil.

BJÖRGUN Þyrlur og flugvélar Landhelgisgæslunnar fóru í 257 útköll á nýliðnu ári. Útköllin hafa aldrei verið fleiri. Ef miðað er við árið 2011 nemur aukningin 66 prósentum. Þetta kemur fram í svari Landhelgisgæslunnar við fyrirspurn Fréttablaðsins en um er að ræða bráðabirgðatölur.

Útköllin í fyrra voru litlu færri, eða 251 talsins. „Sérstaka athygli vekur fjölgun forgangsútkalla [...] Árið 2016 voru þau 87 en í fyrra voru þau rúmlega eitt hundrad,“ segir í svarinu. Alls voru 173 sjúkir eða slasaðir fluttir með loftförum gæslunnar á árinu en 43 prósent þeirra var fólk af erlendu þjóðerni. Erlendum sjúklingum hafi fjölgað á milli ára en Íslendingum fækkað.


Fram kemur að flugferðir gæslunnar hafi á nýliðnu ári verið 628 en í þeirri tölu eru æfinga- og gæsluflug meðtalin, auk leitar og björgunarútkalla. Það jafngildir 12 útköllum á viku. Flugstundir á þyrlum voru 880 en 671 á flugvélinni TF-SIF.

Í svari gæslunnar segir að tvær þyrluáhafnir hafi verið til taks rúmlega helming ársins en það sé forsenda þess að hægt sé að sinna leitar- og björgunarútköllum lengra en tuttugu sjómíli frá landi. „Rétt er þó að undirstrika að oftast tekst að manna tvær áhafnir þegar mikið liggur við. Það er þó alls ekki sjálfgefið, kostar sitt og þýðir að þyrlusveitin tekst meiri skyldur á herðar en starfið býður.“

Útköllin tengdust að sögn margvíslegum verkefnum en nefnt er að þyrlusveitin hafi tekið virkan þátt í leitinni að Birnu Brjánsdóttur í upphafi ársins. Þyrlurnar hafi gegnt mikilvægu hlutverki í almannavörnum vegna flóða á Suðausturlandi í haust. Loks hafi öll loftför gæslunnar, þyrlurnar þrjár og flugvélin, verið kölluð út vegna rútuslyssins á Suðurlandi milli jóla og nýárs. „Það er einsdæmi og sýnir glögg þörfina á því að bæði þyrlur og flugvél séu ávallt fullmannaðar og til taks.“

Útköllin reyndust fleiri á árinu en áætlanir gerðu ráð fyrir. Gert var ráð fyrir að fjórðungur flugtímans 2017 yrði vegna leitar- og björgunarverkefna en ekki þriðjungur,

Þjóðerni slasaðra



Heildarfjöldi útkalla

Ár	Fjöldi útkalla
2011	155
2012	175
2013	195
2014	195
2015	218
2016	251
2017	257

Ef miðað er við árið 2011 nemur aukning útkalla 66 prósentum

eins og raun bar vitni. „Þetta hafði í för með sér að þyrlurnar sinntu löggæslu- og eftirlitsverkefnum og æfingum minna en áformað var.“

Flugvélin TF-SIF sinnti landamæraeftirliti fyrir Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu, Frontex, á Miðjarðarhafi í fjóra mánuði á nýliðnu ári. Fjórir af hverjum fimm flugtímum flugvélarinnar voru vegna þessara verkefna, að því er fram kemur í svari Landhelgisgæslunnar. Þar segir að erfið fjárhagsstaða stofnunarinnar hafi ráðið því að Frontex-verkefni hafi orðið svo fyrirferðarmikil. „Tölnur sýna að flugvélin nýttist þess vegna ekki sem skyldi við eftirlit og önnur verkefni á Íslandi því aðeins 14 prósent flugtíma TF-SIF á síðasta ári flokkuðust undir gæsluflug og fimm prósent þjálfun.“ – bg



Enginn slasaðist þegar rúta rann í hálfu og hafnaði utan vegar á Þingvallaleið í gær. Sjö erlendir ferðamenn auk bílstjóra voru innanborðs. Aðeins örfáar vikur eru síðan ung kinnversk kona lést og rúmlega tuttugu slösuðust í rútuslysi skammt frá Klaustri og skapaðist mikil umræða um öryggi á vegum í kjölfarið. FRÉTTA BLAÐIÐ/STEFÁN

Karl braut skattalög

SKATTAR Yfirsattanefnd hefur staðfest niðurstöðu skattrannsóknarstjóra um að skattframtalning athafnamannsins Karls Wernerssonar vegna afgangsfélags síns Dialog Global Investment Ltd. hafi ekki verið í samræmi við lög. Þannig hafi Karl staðið skil á efnislega röngum framtölum fyrir tekjuárin 2005-2008; rúmlega 1,1 milljarður króna hafa ranglega



verið talinn fram sem arður og rúmlega 327 milljóna króna vaxtatekna af láni Karls til félags í eigin eigu ekki verið getið. Skattstofnin lækkaði þó um 739 milljónir þar sem ekki þótti sannað að hagnaður af hlutabréfasölu hafi runnið til hans. Karl hefur farið fram á endurupptöku vegna tilkomu nýrra gagna. – jõe / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

SKODUN Pawel Bartoszek um aðförina að einkabílum. **9**

SPORT Guðjón Valur Sigurðsson bætti heimsmet í gær. **10**

LÍFID Hver er eiginlega munurinn á að vera vegan, grænmetisæta, raw-vegan, pescetarian, flexitarian og svo framvegis? **20**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
● FASTEIGNIR


*Samkvæmt prentmiðlökönnum Gallup apríl-júní 2015

Ókeypiss kynningartími fyrir ungt fólk

Ókeypiss kynningartími • 9. janúar
skráning á dale.is



Veður



Sunnan 8-13 og skúrir eða él, en norðlægari og rigning/snjókoma um tíma norðaustan til. Hvessir um tíma kringum hádegi. Gengur í suðaustan hvassviðri eða storm í kvöld. Hiti 1 til 7 stig. **SJÁ Síðu 16**



Silóin hafa staðið af sér tvær sprengingar en mæta nú vinnuvélum.
FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK

Silóin rifin niður með gamla laginu

FRAMKVÆMDIR „Hingað til höfum við farið eftir ráðleggingum sérfræðinga en nú tökum við þetta bara niður með okkar lagi.“ segir Þórarinn Auðunn Pétursson, framkvæmdastjóri Work North ehf.

Work North sér um niðurrif á gömlu Sementsverksmiðjunni á Akranesi en það hefur vakið athygli undanfarna daga hve illa hefur gengið að fella fjögur siló sem standa á lóð verksmiðjunnar. Fyrsta atrenna átti sér stað síðasta laugardag síðasta árs en þá var dýnamít brúkað til verksins. Þeirri tilraun lauk með því að turnarnir halla nú nokkuð en standa enn. Önnur tilraun var gerð viku síðar, laugardaginn 6. janúar, en sprengiefnið beit ekki á geymunum sem hreyfðust ekki.

„Við vildum flýta ferlinu með því að nota sprengiefni. Teikningarnar af silóunum eru hins vegar gamlar og það er ekki alveg að marka þær. Í þeim er mikil steypa og mikið af steypustyrktarjarni. Skammt frá er 60 metra hár strompur sem á að lifa niðurrifid af þannig að það þurfti að vanda til verka.“ segir Þórarinn.

Þórarinn á ekki von á því að reynt verði að sanna hið fornkvæða að allt sé þegar þrennt er. „Nú tökum við þetta bara niður með vélum.“

– jóe

Sigríður Klingenberg spáir í spilin á nýju ári



Sigríður Klingenberg, athafnakona og ástsælasta spákona landsins, stóð fyrir nýárs bingókvöldi á Sæta svíninu í miðborginni í gærkvöldi þar sem margt var um manninn og fólk skemmti sér konunglega. Sigríður var að vanda glæsileg á meðan hún spáði fyrir gestum og gangandi um hvað nýja árið gæti borið í skauti sér og ræddi við viðstadda um stöðu stjarnanna á því herrans ári 2018, sem nú er gengið í garð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jóhannes Gunnarsson látinn

Jóhannes Gunnarsson, fyrrverandi formaður Neytendasamtakanna, lést á laugardag, 68 ára. Hann var fæddur 3. október 1949. Hann barðist fyrir hagsmunum neytenda í áratugi og gegndi stöðu formanns Neytendasamtakanna í rúm 30 ár. Jóhannes var fyrst kjörinn formaður 1984 eftir að hafa setið í stjórn samtakanna. Hann útskrifaðist úr mjólkurfræði frá Højby mejeri í Danmörku 1971 og sinnti störfum við mjólkurframleiðslu til 1980. Þá var hann útgáfustjóri Verðlagsstofnunar. Jóhannes var tvíkvæntur og lætur eftir sig fimm uppkomin börn.



Borgnesingar vilja fá Latabæjargarð í plássioð

Félag um uppbyggingu afþreyingar sem byggð er á grunnhugmyndinni um Latabæ fékk þriggja milljóna styrk. Möguleg staðsetning og áhugi fjárfesta til skoðunar. Íþróttaálfurinn sjálfur er frá Borgarnesi og kemur að verkefninu.

SAMFÉLAG „Þetta er nú bara rétt að komast inn á teikniborðið.“ segir Helga Halldórsdóttir, íbúi í Borgarnesi. Helga fer fyrir félagi sem stefnir að því að koma á koppinn skemmtigarði sem byggir á grunnhugmyndinni um Latabæ.

Í Lögbirtingablaðinu á dögunum birtist tilkynning um skráningu hlutafélagsins Upplifunargarður Borgarnesi ehf. en tilgangur þess, að því er fram kemur í tilkynningunni, er „[u]ppbygging afþreyingar í ferðapjónustu í Borgarnesi og nágrenni, byggt á grunnhugmyndinni um Latabæ.“

Latabæ kannast flestir Íslendingar við en árið 1991 kom út barnabókin Áfram Latibær! eftir Magnús Scheving þólfimikappa og síðar íþrótta-mann ársins. Sagan segir frá Söllu stírðu, Sigga sæta, Nenna niska og öðrum íbúum Latabæjar en líf þeirra tekur stakkaskiptum eftir að Íþróttaálfurinn birtist í bænum og rífur þá úr letirútinu sinni. Sagan rataði síðar í leikhús og að endingu voru gerðir sjónvarpsþættir um bæjarbúa.

„Verkefnið er til skoðunar hjá hópi fólks sem hefur áhuga á að koma einhverju á laggirnar sem byggir á hugmyndafræði Magnúsar Scheving.“ segir Helga. „Magnús er auðvitað Borgnesingur og hefur sterkar rætur hingað heim í hérað.“

Hópurinn fékk á dögunum þriggja milljóna króna styrk úr uppbyggingarsjóði Vesturlands en styrkveitingin var grundvöllur fyrir stofnun félagsins.

„Á næstu dögum munum við ráða verkefnastjóra, sem gert er ráð fyrir að starfi í sex mánuði hið minnsta,



Latibær hefur ratað í leikhús, sjónvarp og verið gerður að borðspili. Nú er stefnt að skemmtigarði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

til að kanna möguleg staðsetningu og útfærslur fyrir garðinn auk þess að kanna áhuga fjárfesta á verkefninu.“ segir Helga.

Helga segir að upphafsmaðurinn Magnús komi meðal annars að vinnunni og að slíkt muni miklu. Hann hafi skapað sér nafn út fyrir landsteinana auk þess sem Latibær sé auðvitað þekkt merki á erlendri grund.

„Næstu sex mánuðir eru meðgöngutími og síðan verður að skýr-

ast í júlí hver næstu skref hjá okkur verða. Það veltur auðvitað að stærstum hluta á áhuga fjárfesta og annarra sem leitað verður til varðandi aðkomu að verkefninu.“ segir Helga.

Líkt og áður segir er verkefnið á algjöru frumstigi og því óljóst hvern garðurinn gæti verið opnaður ef hann nær á það stig. „Fyrir mitt leyti þá mætti það ekki taka meira en þrjú til fimm ár að koma þessu í gagnid.“ segir Helga.

johannoli@frettabladid.is

BRIDS SKÓLINN



BYRJENDUR 22. janúar 8 mánudagar frá 20-23
VÖRNIN 24. janúar 5 miðvikudagar frá 20-23

• **BYRJENDUR** Á byrjendanámskeiði er farið vel yfir leikreglur spilsins og undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Ekkert mál að mæta ein/einn.

• **VÖRNIN** Samskiptareglur varnarinnar eru fjórar: útspilin, kall í sama lit, hliðarkall og talning. Hvernig eru reglurnar og hvenær gilda þær?

• Staður ... Síðumúli 37, Reykjavík

• Sjá nánar á ... bridge.is/fræðsla

• Upplýsingar og innritun í síma ... **898-5427**



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Yaris Hybrid

--- Þú flýgur gegnum daginn

--- 50% rafdrifinn

ISLENSKASÍÐAUSTOVAFRÓÐI 01/18



Yaris – verð frá: 2.230.000 kr.

Yaris Hybrid – verð frá: 2.670.000 kr.

HYBRID

Orkuskiptin eru hafin! Gríptu tækifærið og kaupu Hybrid á góðum kjörum.

Að fara af stað út í hvern dag á nettum og nýstárlegum Yaris er ómetanlegt. Þannig byrja allar ferðir vel, jafnt styttri sem lengri. Þessi pottþétta týpa er hlaðin orku og endurbættu Hybrid kerfi sem gerir þér fært að fljúga gegnum daginn.

Komdu og reynsluaktu Yaris orkubolta hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

- 2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris
- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Nefnd um dómaraströf tók kvörtun Jóns Steinars ekki til greina

STJÓRNSÝSLA Nefnd um dómaraströf tók ekki til umfjöllunar kvörtun Jóns Steinars Gunnlaugssonar, lögmanns og fyrrverandi hæstaréttardómara, þess efnis að meirihluti dómara við Hæstarétt hafi gert á hlut hans er Jón sótti um sem dómari. Niðurstöður nefndarinnar voru nýlega birtar á nýrri heimasíðu Dómstólasýslunnar.

Í kvörtun Jóns Steinars segir að þegar hann hafi sótt um embættið árið 2004 hafi átta af níu dómurum

við dómstólinn ekki viljað fá hann í sinn hóp. Þá segir hann að „einum þeirra [hafi] verið falið á þeim tíma að flytja álitbeiðanda skilaboð um það sem og hvatningu um að falla frá hugmyndum um að sækja um embættið. Jafnframt hefði honum verið tjáð að léti hann verða af því að sækja um embættið, yrði hann skaðaður með umsögn réttarins“.

Í erindinu kemur enn fremur fram að dómaramir hafi staðið við framsetta hótun. Settur dómsmála-

ráðherra hafi hins vegar „ekki látið meirihluta Hæstaréttar komast upp með þetta framferði“ og skipað Jón Steinars í embætti hæstaréttardómara.

Jón Steinars hafði áður kvartað til innanríkisráðuneytisins árið 2016 en ráðuneytið vísaði honum til nefndar um dómaraströf þar sem erindið heyrði undir varðsvið hennar. Ráðuneytið taldi að nefndinni bæri að fjalla um öll ströf dómara í embætti sínu, hvort sem



Máli Jóns Steinars var vísað frá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þau vörðuðu einstök dómsmál eða stjórnsýsluverkefni sem heyra undir verksvið dómara landsins.

Í niðurstöðu nefndarinnar segir hins vegar að mál Jóns Steinars taki til stjórnsýslu dómstólanna en þangað nái valdsvið hennar ekki. Að auki hafi sjö af þeim átta dómurum, sem kvörtunin beinist að, látið af ströfum. Agavald nefndarinnar nái aðeins til þeirra dómara sem enn séu starfandi. Málinu var vísað frá nefndinni af þeim sökum. –jóe

Umhleyppingar eru í vændum


VEÐUR Það eru tölurverðir umhleyppingar í veðri á landinu þessa dagana samkvæmt upplýsingum veðurfræðings á Veðurstofunni. Segir hann að búast megi við suðvestanátt í dag en að síðan hvesi úr suðri eða suðaustri aðfaranótt þriðjudags.

Þá er von á talsvert mikilli rigningu á sunnanverðu landinu á þriðjudag. Hægari vindur verður á fimmtudag og snemma föstudags. Von er á lægð seinni hluta föstudags og má því búast við talsverðri rigningu þá og fram á laugardag. Þá er einnig von á slyddu á köflum á sunnanverðu landinu en úrkomu-minna verður norðan til en á sama tíma hvesir allnokkuð. – dfb

Býður sig ekki fram í borginni

STJÓRN MÁL Ásdís Halla Bragadóttir, fyrrverandi bæjarstjóri Garðabæjar og áhrifamanneskja innan Sjálfstæðisflokksins, hyggst ekki bjóða sig fram til forystusætis flokksins í komandi borgarstjórnarkosningum. Það staðfestir hún í samtali við Fréttablaðið og segir um leið að það hafi aldrei verið inni í myndinni.

Þá segist Jón Karl Ólafsson, framkvæmdastjóri hjá Isavia, vera að hugsa sér til hreyfings en vill ekkert gefa út um það hvort hann stefni á framboð. Frestur til að tilkynna um framboð fyrir leiðtoga-kjör Sjálfstæðisflokksins rennur út á miðvikudaginn og verður kosið 27. janúar n æ s t k o m a n d i. – dfb



Ásdís Halla Bragadóttir

Karl Wernersson skilaði rangri skattskýrslu um aflandsfélag

Yfirsattanefnd staðfesti niðurstöðu Ríkisskattstjóra að hluta en féllst á kröfu Karls í einum lið. Skattstofn Karls lækkar um 739 milljónir. Í skýrslu skattrannsóknarstjóra segir að aflandsfélagið hafi verið stofnað sérstaklega til skattasniðgöngu. Karl hefur farið fram á endurupptöku á málinu vegna tilkomu nýrra gagna.

SKATTAR Skattframtalning Karls Wernerssonar vegna aflandsfélags síns Dialog Global Investment Ltd. (DGI), sem skráð var á Bresku Jómfrúaeyjum, var ekki í samræmi við lög. Þetta er niðurstaða yfirsattanefndar (YSKN).

Mál Karls hófst með rannsókn skattrannsóknarstjóra á haustmánuðum 2011. Tilfni rannsóknarinnar var bréf frá ríkisskattstjóra þess efnis að Karl lægi undir grun um skattsvik.

Rannsókn skattrannsóknarstjóra leiddi í ljós að „svo virtist sem félagið DGI hefði einvörðungu verið stofnað í skattasniðgönguskyni í þágu eiganda“. Í lokakafli skýrslunnar kemur fram að Karl hefði staðið skil á efnislega röngum framtölum fyrir tekjuárin 2005-2008. Rúmlega 1,1 milljarður króna frá félaginu hefði ranglega verið talinn fram sem arður en ekki sem tekjur. Þá hefðu rúmlega 327 milljóna vaxtatekjur af láni Karls til félags í eigin eigu ekki verið getið. Þá hefði Karl ekki skilað tekjuskatti af 739 milljóna hagnaði af sölu í hlutabréfum í Actavis.

Ríkisskattstjóri endurákvæði opinber gjöld Karls fyrir tímabilið í samræmi við niðurstöður skýrslunnar að viðbættu 25 prósent álagi vegna rangra skila. Sú niðurstaða var kærð til YSKN. Nefndin staðfesti niðurstöðu Ríkisskattstjóra að hluta en nefndin féllst á kröfu Karls um að fella niður 739 milljóna söluhagnað vegna bréfa í Actavis þar sem það hefði verið Dialog Global Investment Ltd. sem stóð í viðskipt-



Karl Wernersson vandaði sig ekki nægilega við skattskil að mati skattayfirvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

unum en ekki Karl sjálfur. Dráttarvaxta- og málskostnaðarkröfu Karls var hafnað.

Úrskurður yfirsattanefndar var kveðinn upp fyrir júl en birtur fyrir helgi. Persónuupplýsingar hafa verið felldar úr honum en tilkynningar frá DGI til Kauphallarinnar koma heim og saman við upplýsingar í úrskurðinum.

„Þetta er jákvætt að því leyti að það er felld úr gildi heilmikil álagning vegna söluhagnaðar en við höfum farið fram á endurupptöku hjá YSKN vegna milljónanna 1.150

sem nefndin taldi laun en ekki arð,“ segir Jón Elvar Guðmundsson, lögmaður Karls.

Jón segir að í upphafi hafi málið verið skoðað hvort DGI hefði haft rekstrarheimildir til að greiða út arð. Lögd hafi verið fram gögn úr ársreikningum og upplýsingar af bankareikningum. Hjá YSKN hafi hins vegar verið deilt um hvort fyrir hafi legið ákvörðun um heimild til arðsúthlutunar.

„Í skýrslu skattrannsóknarstjóra lá fyrir umboð Karls til að taka ákvörðun um úthlutun arðs fyrir félagið.

Hann taldi félagið fram og lagði fram upplýsingar sem sýna fram á að allar forsendur fyrir arðsúthlutun voru fyrir hendi. Á þeim grundvelli höfum við farið fram á endurupptöku á málinu hjá YSKN,“ segir Jón.

Hvað ákvörðun um vaxtagróðann varðar segir Jón það ýmsum vanköntum háð að reyna að grafa upp upplýsingar um það enda áratugur liðinn frá atvikum málsins. Reynt verði að finna gögn sem sýna fram á að greiðslurnar hafi ekki farið til Karls heldur til upphaflegs lánveitanda. johannoli@frettabladid.is

Gott ráð við kvefi og kinnholubólgu

Otrivin Menthol nefúði, lausn. Inniheldur xylometazolínhydróklóríð. Bólgu og aukin slimmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Otrivin Menthol 1 mg/ml er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



7 ára ábyrgð á öllum
nújum Kia bílum

www.kia.com

Ertu klár í framtíðina?

Það er kominn tími á rafbíl frá Kia



The Power to Surprise

Spennandi úrval rafbíla

Við bjóðum fimm glæsilegar gerðir rafbíla sem uppfylla ólíkar þarfir hvers og eins. Magnað úrval HEV, PHEV og EV rafbíla, allir hlaðnir spennandi tæknilausnum og að sjálfsgöðu fylgir hin einstaka 7 ára ábyrgð, bæði bíl og rafhlöðu.*

Þú finnur rafbíl sem hentar þér hjá okkur. Við tökum vel á móti þér.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook
facebook.com/kiamotorsland

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd



Eva Joly fagnar rannsókn ESB á skattamálum IKEA. NORDICPHOTOS/AFP

Segir almenning hafa orðið af milljarði evra

ESB Evrópuþingmaðurinn Eva Joly, sem leitt hefur rannsókn Græningja á skattamálum sænska húsgagnarans IKEA, segir að það hafi verið tími til kominn að Evrópusambandið, ESB, hæfi nákvæma rannsókn á málinu. Margrethe Vestager, framkvæmdastjóri samkeppnismála hjá Evrópusambandinu, er sögð munu stýra rannsókninni.

Græningjar á Evrópuþinginu komust sjálfir að því að IKEA í Hollandi hefði komist hjá því að borga skatt upp á einn milljarð evra á árunum 2009 til 2014 með neti dótturfyrirtækja í Hollandi, Liechtenstein og Lúxemborg.

Eva Joly segir í viðtali við vefmiðilinn Dina Pengar að verja hefði átt þessu fé í þágu almennings. - **ib**s

Ummælunum ekki beint að Trump yngri

BANDARÍKIN Steve Bannon, fyrrverandi aðalráðgjafi Donalds Trump, Bandaríkjaforseta, hefur dregið ummæli sín til baka um að sonur forsetans, Donald Trump yngri, hafi framið landráð með fundi sínum og hópi Rússa í New York árið 2016. Voru þeir Jared Kushner, tengdasonur Trump, og Paul Manafort, kosningastjóri hans, einnig viðstaddir fundinn sem fram fór í Trump-turninum.

Ummælin er að finna í bókinni Fire and Fury: Inside the Trump White House eftir blaðamanninn Michael Wolff sem gefin verður út á næstu dögum. Hefur Bannon nú lýst því yfir að ummælunum hafi verið beint að kosningastjóranum Manafort, sem í október var handtekinn fyrir samsæri gegn Bandaríkjunum, skattsvik og peningabætti. - **dfb**

Merkel hefur stjórnarmyndunarviðræður aftur

ÞÝSKALAND Angela Merkel, kanslari Þýskalands og formaður Kristilegra demókrata, og Martin Schulz, formaður Jafnaðarmanna í Þýskalandi, hittust á fundi í Berlín í gær til þess að ræða mögulegt stjórnarsamstarf. Þá mun Horst Seehofer, formaður CSU, systurflokks Kristilegra demókrata, hafa verið viðstaddur viðræðurnar.

Flokkarnir þrír mynduðu einnig

saman ríkisstjórn árin 2013-2017 en samkvæmt skoðanakönnunum hlýtur áframhaldandi stjórnarsamstarf þeirra ekki mikinn hljómgrunn. Stjórnarkreppa hefur ríkt í landinu frá því að kosningar fóru fram í lok september á síðasta ári og hefur enn ekki tekist að mynda ríkisstjórn.

Síðustu viðræður áttu sér stað í nóvember þegar Kristi-

legum demókrötum, Frjálslynda flokknum og Græningjum mistókst að mynda stjórn. Merkel segist ganga að samningaborðinu með opnum hug en margir telja að þetta sé síðasti raunhæfi möguleiki hennar og Kristilegra demókrata til þess að mynda sterka og stöðuga stjórn. Flokkar Merkel og Schulz biðu afhroð í kosningunum síðasta haust en þá töpuðu Kristi-

legir demókratar 65 þingsætum og Jafnaðarmenn fjórutíu.

Gert er ráð fyrir því að viðræðurnar standi yfir næstu fjóra daga eða svo og er ljóst að mikil vinna og málamíðlanir munu eiga sér stað á þeim tíma. Talið er að ágreiningur flokkanna muni helst birtast í afstöðu til Evrópumála, innflytjenda, skatta og heilbrigðisþjónustu. - **dfb**

Ekki hægt að kanna mögulega mengun í jarðvegi vegna frosts

GMR endurvinnsla á Grundartanga urðaði hugsanlega síuryk við verksmiðjuna, sem hefur nú legið þar í jörðu í tvö til þrjú ár. Ekki er hægt að kanna magn eða stöðu mengunar vegna frosts í jörðu. Enginn rekstur hefur verið í verksmiðjunni í heilt ár eftir að Umhverfisstofnun skráði á þriðja tug frávika frá rekstrarleyfi.

UMHVERFISMÁL, „Það er áætlað að grafa þetta upp. Það er ekki vitað hvort þetta eru tómir pokar eða hvort það er eitthvað í þeim. Það er ekki hægt að sjá það nema grafa þetta upp,“ sagði Einar Halldórsson hjá Umhverfisstofnun, sem er skráður eftirlitsaðili Umhverfisstofnunar á GMR. Eftir fjölda frávika skráðra á meðan endurvinnslan starfaði var skipað aukið eftirlit með henni í janúar 2016. Í eftirlitsskýrslu frá GMR til Umhverfisstofnunar í nóvember síðastliðnum, sem var hluti af reglubundnu auknu eftirliti, benti skiptastjóri GMR, Marteinn Másson, á að síuryk virðist hafa verið urðað við hlið fyrirtækisins fyrir nokkrum árum. Varanleg geymsla eða urðun á verksmiðjusvæðinu er óheimil og því óskaði Umhverfisstofnun eftir frekari upplýsingum um magn þess síuryks sem hefur verið urðað. Samkvæmt eftirlitsaðila sást að minnsta kosti einn sekkur undir mold við skoðun, eftir ábendingu skiptastjóra.

„Á fyrstu rekstrarárum var síurykið sett í sekki sem var svo hægt að flytja á vörubílum burt. Til að byrja með var þetta geymt bak við húsið og þannig var það geymt í einhvern tíma. Síðan var ákveðið að setja þetta í gáma og samkvæmt tveimur fyrrverandi starfsmönnum er þetta eflaust ekki mikið magn. Þeir töldu að tómir sekkir hefðu verið urðaðir þarna. Annar þeirra sagði mér að það hefði komið gat á nokkra sekki þegar verið var að hreinsa þetta upp. Þá hafi rykinu verið mokað upp með öðrum hætti, en sekkirnir síðan urðaðir þarna. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef í dag virðist



Enginn rekstur hefur verið í endurvinnslunni í heilt ár. FRÉTTABLAÐID/ERNIR



Gámar með úrgangi við GMR endurvinnslu á Grundartanga. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

●● Miðað við þær upplýsingar sem ég hef í dag virðist þetta ekki vera mikið magn, en það kemur í ljós

Marteinn Másson, lögfræðingur og skiptastjóri GMR endurvinnslunnar

þetta ekki vera mikið magn, en það kemur í ljós síðar,“ sagði Marteinn Másson lögfræðingur, sem er skiptastjóri GMR endurvinnslunnar.

Síuryk myndast í ljósbogaofnum við bræðslu á brotajárni. Í skýrslu frá árinu 2015 til Umhverfisstofnunar kom fram að styrkur þungmálma í síuryki frá starfsemi GMR hafi verið mun meiri en vanalega mældist við slíka bræðslu. Var því ekki hægt að urða það hér á landi. Síurykið var því sent til Noregs til urðunar. Ekki eru upplýsingar í græna bókhaldinu frá GMR um hversu mikið síuryk var sent til Noregs til urðunar. En í starfsskýrslum þeirra var áætlað að 100 til 200 tonn af síuryki myndu verða til á ári miðað við fulla framleiðslu endurvinnslunnar.

GMR endurvinnsla fékk starfsleyfi til endurvinnslu á járni í febrúar árið 2014. Á þeim þremur árum sem málmbræðslan var rekin skráði Umhverfisstofnun á þriðja tug frávika frá starfsleyfi fyrirtækisins. Afturkalla átti starfsleyfið vegna fjölda frávika í janúar á síðasta ári en fallið var frá því sökum þess að starfsemi hafði þá verið hætt. Enginn rekstur hefur verið í endurvinnslunni frá því í janúar árið 2017.

lovissaa@frettabladid.is



FERSKUR FISKRETTUR

Gufubakaður fiskur með kúrbítsteningum, rauðlauk og chili, kórónaður með kókóslímónu jóguurtsósu, er tilvalinn fyrir fjölskylduna eftir hátíðarmatinn.

Mikið úrval heilsuuppskrifta er að finna á gottimatinn.is. Uppskriftavefurinn er jafn aðgengilegur í tölvunni, spjaldtölvunni og snjallsímanum.

Hollustan hefst á gottimatinn.is



DACIA LOGAN

**ÞÝ OG ENDURBÆTT INNRÉTTING - BAKKMYNDAVÉL
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU**



JANÚAR SMELLVERÐ:

2.390.000 kr.

VERÐ ÁÐUR: 2.590.000 KR.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)
Eyðsla í blönduðum akstri **3,8 L/100 km***

**KEYRUM NIÐUR
VEGNUM**

Hlaðinn staðalbúnaði m.a.: Bakkmyndavél, Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útlarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða akstursthönd, úthitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass“ tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á öikumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.

www.dacia.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Gestgjafar



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það þarf ekki að ferðast víða um Ísland til þess að sjá feður landsins. Til þess að sjá og skynja óendanlega frumkrafta náttúrunnar gagnvart manns eigin smæð og dauðleika. Þessi tilfinning er engu lík en samt eigum við til að taka þeim forréttindum sem sjálfsgöðum. En ef við hugsum um alla þá ferðamenn sem hingað streyma til þess að upplifa þetta þó ekki sé nema einu sinni á ævinni þá er það okkur verðmæt áminning um þessi forréttindi.

Þetta ágæta fólk sem hingað kemur, vegna þess að við hvetjum það til þess, skilur eftir sig mikil verðmæti sem hafa gríðarlega jákvæð áhrif á þjóðarbúskapinn. En nú er líka orðið löngu tímabært að við sem samfélag förum að skoða hvernig við tökum á móti og búum að þessum ágætu gestum, því gestgjafar bera ábyrgð.

Það efast enginn um að fyrirtæki í ferðamannaíðnaði bera slíka ábyrgð en það gerir hið opinbera einnig. Samgönguöryggi, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, lög-gæsla og fleira er á ábyrgð hins opinbera, okkar allra sem búum í þessu samfélagi, og því miður höfum við dregið lappirnar í þessum efnum allt of lengi. Þó svo hrörlegt ástand ádurnefndra samfélagslegra innviða sé kannski í hugum okkar flestra eitthvað sem kemur öðrum þjóðum ekki við þá er það auðvitað fjarri lagi. Hið opinbera og einkaaðilar fjárfesta í því að kynna landið sem ákjósanlegan áningarstað fyrir ferðamenn vegna þeirrar einstöku náttúru sem hér er að finna, ásamt forvitnilegri menningu og skemmtilegu mannlífi, en líka á þeirri forsendu að hér sé öruggt og gott að vera.

En er það satt og rétt? Nýverið kom fram í frétt á Vísu að þrettán létust af slysförum í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi á síðasta ári. Þar af voru átta erlendir ríkisborgarar. Dauðsföll þessara einstaklinga bar að með ýmsum hætti en þó oftast ekki í tengslum við ferðamennsku, þar sem gæsla er oft takmörkuð og fræðslu um aðstæður virðist víða vera ábótavant. Síðasta bana-slysið átti sér stað á veginum í gegnum Eldhraun þann 27. desember þegar rúta og fólksbíll skullu saman með skelfilegum afleiðingum sem hefðu að líkindum orðið enn alvarlegri ef ekki hefði verið fyrir sjálfboðaliða á svæðinu. En þrátt fyrir gríðarlega aukningu á umferð um svæðið hafa litlar sem engar endurbætur átt sér stað á vegakerfinu, fjöldi löggæslumanna staðið í stað rétt eins og fjármögnunin og hið sama má segja um aðstæður heilbrigðiskerfisins og viðbragðsaðila þess.

Mörg þeirra slysa sem hér verða á ferðamönnum eru á ábyrgð okkar gestgjafanna hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þó að hver og einn einstaklingur beri að sjálfsgöðu ábyrgð á sinni hegðun, lífi sínu og limum, þá verða að vera hér til staðar innviðir í samræmi við það sem ásætlanlegt getur talist í vestrænu velferðarríki. Við sjálf væntum þess á ferðum okkar um t.d. nágrannalöndin að þar sé leitast við að tryggja öryggi okkar og við verðum þar af leiðandi að gera sam-bærilega kröfu til okkar sjálfrá ef við viljum teljast góðir gestgjafar.

Mörg þeirra slysa sem hér verða á ferðamönnum eru á ábyrgð okkar gestgjafanna hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

Halldór



Frá degi til dags

Óstaðfest frétt
Hringbraut birtir í gær frétt þess efnis að fyrrverandi forseti Alþingis, Unnur Brá Konráðsdóttir, hefði bakkað úr borginni eftir að hún sá niðurstöður óformlegrar könnunar um stöðu mála fyrir kosningar. Unnur tók til varna og sagði miðilinn vera að birta hreina og klára lygi. Mörgum er eflaust í fersku minni þegar Hringbraut birti „óstaðfesta frétt“ um að ríkisstjórnarviðræðum núverandi stjórnarflokka yrði slitið skömmu áður en sættir tókust. Útlit er fyrir að Hringbraut þurfi að velja betri heimildarmenn.

Endurkoma ársins
Allir aðdáendur pabbabrandara og háfleygra yfirlýsinga fögnuðu ákaft í gær þegar það var kunn-gjört að stofnandi fylgufélags þingmanna Sjálfstæðis-flokksins stefndi á endurkomu á Facebook. Brynjar Nielsson fór í samskiptamiðlabindindi tveimur vikum eftir kosningarnar síðasta haust og hafði þá á orði að miðlarnir væru farnir „að hafa alvarleg áhrif á geðheilsu þjóðarinnar“. Fólk skiptist í tvo hópa, ýmsir fögnuðu brothvarfi Brynjars meðan aðrir sátu sárir eftir. Óháð því hvaða skoðun fólk hefur á skoðunum Brynjars ættu allir að geta sammælst um það að hann hefur fyrir löngu áttað sig á því að fótbolti er ekkert skemmtilegur ef það er bara eitt lið á vellinum. joli@365.is

Fleiri lög sem brjóta má án afleiðinga



Þórhildur Sunna Evarsdóttir
þingflokksfor-
maður Pírata

Á dögunum skipaði forsætisráðherra starfshóp hvers yfirlýsta markmið er að efla traust á stjórnmalum og stjórnsýslu. Verðugt verkefni og þarft enda einungis um 22% Íslendinga sem treysta Alþingi. Hins vegar má setja spurningarmerki við þá nálgun að ætla sér að efla traust á stjórnmalum með því að skipa vinnuhóp utan um innleiðingu á alþjóðlegum tilmælum og stöðlum er varða gagnsæi og góða stjórnsýslu. Það er góðra gjalda vert að lögfesta alþjóðlegar skuldbindingar en það sendir röng skilaboð að klæða það búningi eflingar trausts á stjórnmalum. Innleiðing skuldbindinga er sjálfsgöður hluti af starfi framkvæmdar- og löggjafarvalds.

En, á meðan ríkisstjórnin og stjórnarþingmenn eru ekki einu sinni reiðubúin að viðurkenna að það grafi undan trausti almennings á stjórnmalum að dómsmálaráðherra, Sigríður Á. Andersen, sem braut lög við skipan dómara, stíji í þeirra skjóli, er til lítils að breyta og bæta þau lög sem ráðherrar geta brotið án afleiðinga. Á meðan forsætisráðherra gerir engar athugasemdir við að starfa með fjármálaráðherra Bjarna Benediktssyni, sem geymir eignir í skattaskjöldi, felur óþægilegar skýrslur fram yfir kosningar og hefur bein afskipti af rannsókn skattrannsóknarstjóra á skattaskjólalabranski fjölskyldu sinnar, er hræsní að ætlast til þess að almenningur finni fyrir trausti í garð stjórnmalamanna.

Í öllum ofangreindum tilfellum voru reglur, lög og síðareglur til staðar, sem hefðu átt að standa í vegi fyrir pólitískum skipunum dómsmálaráðherra í dómara-stöður og fjármálapukri fjármálaráðherra. Gleytum ekki upplýsingalögum, sem dómsmálaráðherra braut vegna persónulegra hagsmuna Bjarna Benediktssonar og felldi síðustu ríkisstjórn.

Traust er áunnið. Stjórnmalamenn eiga ekki að vænta þess að vinna traust almennings með því að lögfesta almenna og sjálfsgöða staðla alþjóðasamfélagsins um gagnsæja og vandaða stjórnsýslu. Því þegar stjórnvöld eru ekki reiðubúin að fylgja boðorðunum tíu er til lítils að setja boðorðin tuttugu.



Stjórnmalamenn eiga ekki að vænta þess að vinna traust almennings með því að lögfesta almenna og sjálfsgöða staðla

VELDU GÆÐI!

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18

www.bjornsbakari.is

Aðförin 1751

Í DAG



Pawel Bartoszek

Það er ekki auðvelt að segja hvenær aðför stjórnvalda að einkabílaeign Íslendinga hafi hafist af alvöru. En ef velja ætti einhverja eina upphafsdagsetningu þá er kannski nærtækast að miða við 17. júlí 1751, daginn sem Innréttingarnar voru stofnaðar. Frá þeim degi hafa yfirvöld, oftast en ekki erlend yfirvöld, reynt að leggja stein í götu einkabílsins, gjarnan með stuðningi nytsamlegra sakleysinga innanlands.

Áður en Innréttingarnar voru stofnaðar bjuggu Íslendingar frjálssir og sjálfstæðir, hver á sínum bæ, sjálfbjarga um flest og engum háðir. Ef menn vildu ferðast, þurftu þeir ekki að biða eftir strætó. Menn löbbaðu bara. En þá komu boð að ofan, frá einvaldinum sjálfum í Kaupmannahöfn, um að nú skyldi iðnvæðast, þetta byggð og skapa grundvöll undir Borgarlínur, sérakreinar og hjólastíga.

Hefðu menn þá vitað að þeir þyrftu 250 árum síðar að ofgreiða fyrir bílastæði á háannatíma og niðurgreiða almenningsamgöngur með himinháum bensinsköttum þá hefðu menn hugsanlega spyrnt við fótum. En, nei, einfaldir þegar Danakonungs í Norður-Atlantshafi sáu ekki í hvað stefndi og hlýddu, grunlausir um þá aðför að lífsstíl þeirra sem í vændum var.

Það sem er einstaklega grátlegt við þetta er að Íslendingum hafði þá tekist að verjast aðförinni að einkabílnum þær fimm aldir sem þeir höfðu verið undir erlendri stjórn. Engin tilraun þeirra erlendu kóngs sem stjórnðu landinu til að skapa grundvöll undir niðurgreiddar hágæða-almenningsamgöngur gekk eftir. Öll þéttingaráform í Danaveldi féllu útbyrðis í Norðursjóinn og náðu ekki til Íslands. Fyrr en komið var á 18. öldina.

Manntalið 1703 – innrásin undirbúin

Veturinn 1702 til 1703 framkvæmdi Árni Magnússon fyrsta manntal Íslandssögunnar, að beiðni kóngs. Flestir líta eflaust á þetta sem fremur jákvætt framtak: Tilraun til að ná utan um ástand fátækrar þjóðar. En bak við sakleysilegt yfirbragð lá í raun annar og dekkri ásetningur: Friðrik 4. Danakonungur var nefnilega að leita að heppilegum stöðum til að láta til skara stríða gegn rétti hvers einstaklings til að velja sér ferðamáta í samræmi við sínar raunverulegu þarfir. Það átti að kortleggja heppilega þéttingarreiði framtíðarinnar!

Það var svo barnabarn hans, Friðrik 5., sem tróð áðurnefndum Innréttingum ofan í friðsæla Kvosina við Reykjavíkurtjörn og sá næsti í röðinni, Kristján 7., bætti svo um betur með því að fyrirskipa eins konar aðför gegn einkabílnum á sex stöðum á landinu árið 1786. Á þessum sex stöðum; Grundarfirði, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði og Vestmannaeyjum, auk Reykjavíkur, skyldi komið á fót svokölluðum „kaupstöðum“ í því skyni að neyða fólk til að búa þétt og þurfa væntanlega að taka strætó eða hjóla þegar fram liðu stundir. Sem betur fer tókst, um stundarsakir, að hrinda þessari árás, alls staðar nema í Reykjavík. Þar var skaðinn skeður.

Hjólhýsahöfuðborgin

Í mörg hundruð ár höfðu Íslendingar komist upp með einhverja sveitalubbalegustu hugmynd að höfuðborg sem hugsast getur. Höfuðborgin okkar var nefnilega einhvers konar hjólhýsagarður. Já, einu sinni á sumri keyrðu allir merkustu menn landsins á þingvelli, tjölduðu þar, ákváðu lög, dæmdu fólk, framkvæmdu dómanna og grilluðu á milli. Árleg útihátíð ríkisvaldsins. Og enginn strætó.


Ekki þótti evrópsku þéttingarsinnunum þetta nógu fint og eftir farsæl 870 ár var hugmyndinni um sumarhöfuðborg í hjólhýsagarði slaufað. Þegar Alþingi var svo endurreist 1844 voru þeir vissulega til sem vildu sjá það á gamla staðnum en þeir frelsiselskandi einstaklingshyggjumenn urðu undir.

Það var svo Kaupmannahafnarbúinn og þéttingarsinninn Jón Sigurðsson sem vildi dundra þinginu inn í þéttingarreit í Kvosinni, væntanlega í enn einni örvæntingarfullri tilraun til að neyða fólk til að nota almenningsamgöngur. Þar með gat Jón bara látið nægja að skjótast milli Reykjavíkur og Køben og stund að sinn billausa lífsstíl á sitthvorum staðnum. En sögur fara af því að Jón hafi lítið farið út fyrir póstnúmerið 101 þá mánuði sem hann dvaldi í bænum.

Þegar allt kom saman, flutningur biskupsseturs, Alþingis, elsta skóla landsins, ríkisrekin iðnvæðing og samþjöppun verslunar með konunglegu boðvaldi, var jarðvegurinn undir aðförina kominn. Restina af sögunni þekkjá allir.

Í dag eru einungis 75% allra ferða á höfuðborgarsvæðinu farnar á einkabíli.

Það sem er einstaklega grátlegt við þetta er að Íslendingum hafði þá tekist að verjast aðförinni að einkabílnum þær fimm aldir sem þeir höfðu verið undir erlendri stjórn.



HLUTHAFAFUNDUR NÝHERJA HF.

Þriðjudaginn 30. janúar 2018 kl. 16.00
í ráðstefnusal félagsins að Borgartúni 37

Dagskrá fundarins

1. Tillaga stjórnar til breytinga á grein 1.1 í samþykktum félagsins þess efnis að nafn félagsins verði Origo hf.
2. Önnur mál.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til að unnt sé að taka mál til meðferðar á fundinum. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 laugardaginn 18. janúar 2018. Nánari upplýsingar um þátttöku og atkvæðagreiðslu er að finna á heimasíðu félagsins.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Deim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Aðrar upplýsingar

Endanleg dagskrá svo og öll skjöl sem kunna að vera lögð fyrir hluthafafundinn, þ.m.t. tillögur, verða hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins og munu jafnframt liggja frammi á skrifstofu félagsins.

Allar nánari upplýsingar um hluthafafundinn er að finna á heimasíðu félagsins, www.origo.is.

Stjórn Nýherja hf.

FRAMTÍÐIN ER
origo.

Vissir þú að...

Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hetti!



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Guðjón Valur Sigurðsson hefur skorað 1.798 mörk fyrir íslenska landsliðið síðan hann byrjaði að spila með því síðla árs 1999. Landsliðsfyrirlíðinn er á leið á sitt 21. stórmót. NORDICPHOTOS/AFP

Heimsmetið féll en annars fátt jákvætt

Guðjón Valur Sigurðsson er orðinn markahæsti landsliðsmaður handboltasögunnar. Hann sló heimsmet Péter Kovács í 30-21 tapi fyrir Þýskalandi í gær. Frammistaða íslenska liðsins var slök, annan leikinn í röð, og þarf að batna mikið ef ekki á illa að fara á EM í Króatíu.

HANDBOLTI Guðjón Valur Sigurðsson skráði sig á spjöld handboltasögunnar þegar hann skoraði úr vítakasti fram hjá Andreas Wolff á 47. mínútu í vináttulandsleik Þýskalands og Íslands í Neu-Ulm í gær. Þetta var 1.798 mark Guðjóns Vals fyrir íslenska landsliðið. Hann er nú orðinn markahæsti landsliðsmaður handboltasögunnar. Ungverjinn Péter Kovács hafði átt metið frá árinu 1995.

„Þetta er einstakt, það er alveg ljóst. Það er ekki slæmt að þetta heimsmet sé í okkar herbúðum. Hann er einstaklega vel að þessu kominn, frábær íþróttamaður og

fyrirmynd,“ sagði landsliðsþjálfarinn Geir Sveinsson í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn í gær.

Markmetið var hér um bil það eina jákvæða við leikinn í gær sem Þýskaland vann 30-21. Aron Pálmarsson gat ekki leikið með vegna bakmeiðsla og fjarvera hans auðveldaði þýsku vörninni lífið. Þjóðverjarnir lágu aftarlega, lokuðu á línuspil Íslendinga og létu reyna á skytturarnar. Ólafur Guðmundsson reyndi hvað hann gat og skoraði sex mörk en Janus Daði Smáráson og Ómar Ingi Magnússon áttu erfitt uppdráttar gegn gríðarlega öflugri vörn Evrópumeistaranna.

Vináttulandsleikur

Þýskaland 30-21 Ísland
(13-8)

Mörk Íslands: Ólafur Guðmundsson 6, Ómar Ingi Magnússon 3/2, Arnar Freyr Arnarsson 3, Arnór Þór Gunnarsson 3/1, Guðjón Valur Sigurðsson 2/1, Bjarki Már Elisson 2, Janus Daði Smáráson 1, Kári Kristján Kristjánsson 1.

Varin skot: Björgvin Páll Guðavsson 3, Ágúst Elí Björgvinsson 5/2.

Ísland tapaði einnig fyrir Þýskalandi á föstudaginn, 36-29. Þótt tapið í gær hafi verið stærra sá Geir framfarir á leik liðsins, allavega hvað viðhorf og baráttu varðar.

„Þetta var erfið brekka á móti gríðarlega öflugum liði. Mér fannst vera meira blóð á tönnum hjá mönnum og við sýndum okkar rétta andlit hvað það varðar allan leikinn. Menn lögðu sig fram og börðust,“ sagði Geir sem kvaðst ánægðari með íslensku vörnina í leiknum í gær heldur en á föstudaginn.

„Þótt við höfum fengið á okkur 30 mörk var allt annað að sjá varnarleikinn. Við tókum það jákvæða út.“

GUÐJÓN VALUR HEFUR
1.798 SKORAÐ

mörk fyrir íslenska karla-landsliðið í handbolta

Íslenska liðið dvelur áfram í Þýskalandi fram á miðvikudag þegar það heldur til Split í Króatíu. Íslendingar þurfa að nýta tímann fram að fyrsta leik gegn Svíum á föstudaginn vel ef ekki á illa að fara. Miðað við frammistöðuna í leikjunum gegn Þýskalandi er hætt við að stoppið í Króatíu gæti orðið stutt. ingvithor@frettabladid.is

Volkswagen Caddy

GÓÐUR VINNUFÉLAGI

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi er Volkswagen Caddy. Hann er áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum - hefðbundinni lengd og lengri gerð (Maxi).

Caddy má fá með fjórhjóladrifi sem eykur enn við öryggi og aksturseiginleika bílsins. Fjórhjóladrifinn Caddy hentar einstaklega vel við íslenskar aðstæður og eykur til muna notkunarmöguleika Caddy, hvort heldur er í snjó, hálfu eða erfiðu færi.

